

**Nd.**

**677. Framhaldsnefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tollaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Háttv. efri deild hefir breytt frumv. þessu á þann veg að fella úr því tollaukningu á allskonar tóbaki: Reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óþunnu tóbaki.

Þar sem hjer er um stóran tekjulið að ræða og nefndin sjer hins vegar engar sjerstakar ástæður til þessarar breytingar, ræður hún til að frumvarpið verði samþykkt eins og það fór frá neðri deild, eða með þessari

BREYTINGU.

Á eftir stafl. a komi nýr stafl., sem verður stafl. b, svo hljóðandi:  
Tölul. 7 orðist þannig:

Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki 3 kr. af hverju kílógr.

Staðiðirnir breytast samkv. þessu.

Alþingi, 28. ágúst 1917.

Magnús Guðmundsson,  
form.

Gísli Sveinsson,  
skrifari.

Þórarinn Jónsson,  
frasm.

Þorsteinn Jónsson.

Hákon J. Kristófersson,  
með fyrirv.